

## 18. gr.

Hreppsnefnd semur, í samráði við rafveitunefnd, gjaldskrá fyrir notkun rafmagnsins og leitar samþykkis atvinnumálaráðuneytisins á henni. 7. júlí

60

## 19. gr.

Rísi ágreiningur út af einstökum ákvæðum reglugjörðar þessarar, sker hreppsnefndin úr, en úrskurði hennar má áfrýja til atvinnumálaráðuneytisins.

## 20. gr.

Reglugjörð þessari og einnig gjaldskránni má breyta með samþykki stjórnarráðsins.

## 21. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 200 kr., nema þyngri hegning liggi við, og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál. Sektir renni í sveitarsjóð Sauðárkrókshrepps.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi 1. ágúst 1926 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. júlí 1926.*

Magnús Guðmundsson.

*Vígfús Einarsson.*

## GJALDSKRÁ

fyrir

**rafveitu Sauðárkróks.**

61

7. júlí

## 1. gr.

Hver húseigandi eða umboðsmaður hans, svo og þeir leigjendur, er hafa sjerstakan mæli fyrir sig, greiði fast rafveitugjald þannig:

Fyrir eitt lampastæði 10 — tíu — krónur á ári, og fyrir hvert lampastæði umfram það 3.20 — þrjár krónur og 20 aura — á ári. Fyrir hverja kilowattstund, sem eytt er, greiðist 80 — áttatíu — aurar. Gjald þetta má hækka eða lækka, eftir því sem rafstöðin ber sig, um alt að 25%.

61

7. júlí

2. gr.

Föstu rafveitugjöldin, sem miðuð eru við lampastæði, greiðist 8 sinnum á ári hverju, með  $\frac{1}{8}$  af árgjaldinu í lok hvers mánaðar ljósársins. Á sama tíma greiðist gjaldið fyrir hverja kilowattstund, sem eytt hefir verið.

Gjöldin til rafveitunnar má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. ágúst 1926 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. júlí 1926.*

Magnús Guðmundsson.

---

*Vígfús Einarsson.*

62

7. júlí

## SAMÞYKT

um

**eftirlit og viðhald þeirra mannvirkja í Rangárvallasýslu, er gjörð eru samkvæmt lögum nr. 69, 14, nóv. 1917, til varnar vatnaágangi frá Þverá og Markarfljóti m. m.**

1. gr.

Sýslunefndin í Rangárvallasýslu tekur að sjer yfirumsjón með mannvirkjum þessum, og annast viðhald þeirra undir eftirliti landsstjórnarinnar.

2. gr.

Mannvirki þessi skulu flokkuð til eftirlits og viðhalds eftir legu þeirra og staðháttum í þrjá flokka, er nefnast I., II. og III. flokkur.

3. gr.

Til I. fl. skal teljast Djúpósyrirhleðsla frá 1923 og öll mannvirki, er gjörð eru og gjörð verða til varnar vatnaágangi á bökkunum vestan megin Hólsár, sömuleiðis mannvirki, er gjörð eru og gjörð verða í sama augnamiði á bökkum Ytri-Rangár, frá Hrafnatóftum og fram að Djúpósyrirhleðslu, þegar samþykki stjórnarráðs er fengið til þess að telja megi hin síðastnefndu mannvirki með fyrirhleðslum Djúpóss til viðhalds. Að fengnu því samþykki,